Nd. **18. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 17 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Jón Jónsson 2. þm. Reykvíkinga, Benedikt Sveinsson, Sigurður Sigurðsson, Tr. Bjarnason.

1. gr.

Ráðherra Íslands hefir 1000 kr. á ári að eftirlaunum.

Hafi ráðherra flutst í ráðherraembættið úr öðru eftirlaunaembætti, þá nýtur hann og eftirlauna eftir hið fyrra embætti sitt.

Hafi ráðherra verið á eftirlaunum, er hann tók við ráðherraemhættinu, þá nýtur hann og þeirra, nema svo sje, að hann hafi haft eftirlaun fyrir rekstur ráðherraembættis, því að þá fær hann ekki frekari eftirlaun en hann hafði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og er 3. gr. laga nr. 17, 3. okt. 1903 jafnframt feld úr gildi.